

um Lífeyrissjóð allra landsmanna.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Benedikt Gröndal, Eggert G. Þorsteinsson,
Jón Árm. Héðinsson, Pétur Pétursson, Stefán Gunnlaugsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um Lífeyrissjóð allra landsmanna.

Aðilar að honum skulu vera allir þeir lífeyrissjóðir, sem nú starfa í landinu, og skulu þeir áfram lúta sömu stjórn og nú á sér stað og starfsreglur þeirra haldast óbreyttar, unz öðruvísi kynni að verða ákveðið. Hins vegar skal Lífeyrissjóði allra landsmanna skipað sérstakt fulltrúaráð og sérstök stjórn. Í fulltrúaráðinu skulu eiga sæti fulltrúar þeirra lífeyrissjóða, sem aðild eiga að Lífeyrissjóði allra landsmanna, en í stjórn hans fulltrúar, kjörnir af fulltrúaráði, forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins og fulltrúi fjármálaráðherra, sem vera skal formaður stjórnarinnar. Hlutverk Lífeyrissjóðs allra landsmanna skal vera að vinna að því, að þeir, sem nú njóta ekki lífeyrisréttinda, öðlist þau, og að samræma störf þeirra lífeyrissjóða, sem nú starfa, bæði að því er varðar réttindi þau, sem þeir veita, og ráðstöfun á fjármagni þeirra. Enn fremur skal Lífeyrissjóður allra landsmanna stuðla að því, að rekstur lífeyrissjóðanna verði sem hagkvæmastur.

Greinargerð.

Það hefur verið og er stefna Alþýðuflokksins, að allir landsmenn skuli vera í lífeyrissjóði. Hefur Alþýðuflokkurinn á þingum sínum marglýst þeirri stefnu sinni, að koma ætti á fót lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn. Er ráðherrar Alþýðuflokksins fóru með félagsmál í fyrrverandi ríkisstjórnnum, höfðu þeir forgöngu um, að ítarlegar athuganir voru gerðar á þessu máli. Var Haraldi Guðmundssyni, fyrrum forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins, falin sérstök könnun þess, og samdi hann um það vandaða álitserð. Málið í heild tók hins vegar nokkuð aðra stefnu en Alþýðuflokkurinn hafði gert ráð fyrir og fylgt hefur verið annars staðar, þar sem þessi mál eru komin í fullkonnast horf, svo sem í Svíþjóð. Stofnun lífeyrissjóða fyrir þá, sem ekki nutu slíkra réttinda, varð að þætti í kjarasamningum launþegasamtaka og vinnuveitenda, og var þar að sjálfsgöðu um mikilvægar hagsbætur að ræða.

Enn er þó um að ræða allmarga landsmenn, sem ekki eiga aðild að neinum lífeyrissjóði. Fjöldi vinnandi manna í landinu mun nú vera um 83 þús. Ekki er vitað með vissu um tölu þeirra, sem eru í lífeyrissjóðum, en ætla má, að þeir séu um 50—60 þús. Áður en hinir nýju sjóðir, sem komið var á fót í kjölfar kjarasamninganna 1970, komu til, munu um 25—35 þús. manns hafa verið í lífeyrissjóðum, en þeim mun nú hafa fjölgað um a. m. k. 20 þús. manns.

Eignir lífeyrissjóðanna munu í árslok 1971 hafa numið 4760 millj. kr. Fimm stærstu lífeyrissjóðirnir, sem allir eru gamlar og grónar stofnanir, eiga tæplega 57% þessara eigna. Iðgjaldtekjur nýjustu sjóðanna, sem stofnaðir voru í kjölfar kjarasamninganna 1969, voru um 180 millj. kr. árið 1971.

Ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna til eignaaukningar var á árinu 1971 um 1140 millj. kr. Sparnaður þeirra það ár nam 913 millj. kr., og svarar það til tæplega 6% af heilarsparnaði þjóðarinnar. Er hér um hátt hlutfall að ræða. Stór hluti fjármagns sjóðanna er bundinn í útlánunum, eða um 3560 milljónir kr. af 4760 millj. kr. heildareignum. Sjóðir, sem eru verðtryggðir af atvinnurekendum, eiga tæplega helming af heildareignum allra sjóðanna, eða 2050 millj. kr., en 2710 millj. kr. eru í sjóðum, sem eru ekki verðtryggðir. Er hér um að ræða eitt meginvandamálið í sambandi við framtíð lífeyrissjóðanna og réttindi félaga þeirra.

Með flutningi tillögu þessarar vilja þingmenn Alþýðuflokksins vekja athygli á nauðsyn þess, að þeir landsmenn, sem eiga ekki enn aðild að lífeyrissjóði, öðlist hana. Þá teljum við einnig æskilegt, að hafizt verði handa um samræmingu á réttindum þeim, sem sjóðirnir veita félögum sínum, og þeirri stefnu, sem fylgt verði við ráðstöfun þeirra, í því skyni að tryggja sem skynsamlegasta nýtingu þeirrar fjármagnsmýndunar, sem um er að ræða, án þess þó að skerða sjálfstæði sjóðanna eða draga úr nokkrum þeim réttindum, sem menn hafa þegar áunnið sér. En mótun samræmdrar heildarstefnu í þessum málum hlýtur að teljast mikilvæg frá þjóðhagslegu sjónarmiði og þá um leið frá sjónarmiði launþeganna sjálfra.